
Bekkur/Námsgrein

4. bekkur/heimilisfræði

Tímabil: Haustönn 2023

Námsmarkmið sem unnið verður með:

Unnið með fæðuhringinn, sérstaklega grænmetis-, ávaxta- og kornflokk. Lykillinn að heilbrigðu lífi er næring, hreyfing, hvíld og svefn. Læri að velja hentug áhöld. Fái þjálfun í að nota rafmagnstæki undir leiðsögn kennara (eldavél, örbylgjuofn, vöfflujárn, handþeytari) og viti hvernig á að nota þau.

Verkefni:

Hreinlæti og meðferð rafmagnstækja og eggvopna

Fæðuhringurinn og næringarefni

Ávextir og grænmeti heilsunnar vegna

Lífsvenjur

Kornflokkur

Matreiðsla: Eggjabrauð, morgunkorn, beyglupizza, hafragrautur.

Bakstur: Hafrabrauð, smákökur.

Námsefni/kennslugögn:

Nemendur fá Heimilisfræði 4 afhenta að hausti, vinna með hana allan veturinn og fara með heim að vori. Einnig er unnið með myndbönd, spil, myndabækur og fl.

Námsmat

Gefinn er einstaklings vitnisburður á skólaárinu og oftast ef þörf er á.

Símat: Lagt er mat á færni, vinnusemi, hegðun og frágang. Umsögn er færð inn í Mentor.
